

## Reglur um endurmenntun vottaðra fjármálaráðgjafa

### 1. Gildissvið

Reglur þessar taka til endurmenntunar vottaðra fjármálaráðgjafa skv. viðmiðum SFF um gildistíma vottunar í prófefnislýsingu. Reglurnar gilda frá og með 1.12.2013.

### 2. Krafa um viðvarandi endurmenntun

- 2.1. Vottaðir fjármálaráðgjafar skulu sækja endurmenntun skv. þeim viðmiðum sem hér eru tilgreind til að tryggja að þeir viðhaldi fræðilegri þekkingu, faglegri hæfni og faglegum gildum sem vottunin krefst.
- 2.2. Vottaður fjármálaráðgjafi sem óskar eftir endurnýjun vottunar skal sýna fram á að hann hafi uppfyllt endurmenntunarkröfur þriggja ára tímabils\* áður en vottun telst endurnýjuð.
- 2.3. Endurmenntun skal að lágmarki svara til 10 klukkustunda á ári og samtals 30 klukkustunda á hverju þriggja ára tímabili. Endurmenntunin skal falla undir einhver eftirfarandi sviða:

Hagfræði, fjármál og fjármálamarkaðir  
Laga- og stofnanaumgjörð fjármálafyrirtækja  
Sparnaður, útlán og greiðslumiðlun  
Siðfræði  
Ráðgjafafærni

- 2.4. Ljúki vottaður fjármálaráðgjafi endurmenntun umfram 30 klst. á þriggja ára tímabili getur hann flutt allt að 5 klst. yfir á næsta endurmenntunartímabil. Vottaður fjármálaráðgjafi ber sjálfur ábyrgð á því að afla sér endurmenntunar í samræmi við grein 2.3.

### 3. Hvað telst til endurmenntunar?

- 3.1. Þátttaka vottaðs fjármálaráðgjafa í faglegum námskeiðum og ráðstefnum telst til endurmenntunar. Námskeið sem fram fer með rafrænum hætti telst til endurmenntunar. Hver klukkustund sem varið er til námskeiðs eða ráðstefnu telst klukkustund í endurmenntun. Námskeið og aðrir fræðsluatburðir sem haldnir eru innan þess fjármálafyrirtækis sem vottaður fjármálaráðgjafi starfar hjá telst til endurmenntunar. Einnig fræðsluatburðir sem haldnir eru á vegum fagfélags vottaðra fjármálaráðgjafa sem og annarra fagfélaga.
- 3.2. Kennslustörf og fyrirlestrahald vottaðra fjármálaráðgjafa teljast til endurmenntunar ef um er að ræða efni sem fellur undir grein 2.3.  
Kennslustörf og fyrirlestrahald vottaðra fjármálaráðgjafa þar sem farið er endurtekið yfir sama efni telst ekki til endurmenntunar.  
Kennslustörf og fyrirlestrahald vottaðra fjármálaráðgjafa sem varir í 1 klst. samsvarar 4 klst. í endurmenntun.

- 3.3. Nám á háskólastigi í þeim fögum sem falla undir grein 2.3. telst til endurmenntunar. Hver kennslustund telst klukkustund í endurmenntun.
- 3.4. Það er ábyrgð hvers vottaðs fjármálaráðgjafa að meta hvort endurmenntun stenst þær faglegu kröfur sem fram koma í grein 2.3.

#### 4. Skjölun og staðfesting

- 4.1. Vottaður fjármálaráðgjafi skal sjá um að skrá endurmenntun sína jafnóðum í fræðslukerfið í sínu fyrirtæki og/eða halda til haga staðfestingu á þátttöku og gögnum um endurmenntun sem ekki er skráð í slíkt kerfi.
- 4.2. Vottaður fjármálaráðgjafi skal sjá um að skila inn þeim gögnum sem SFF gerir kröfu um með umsókn um endurnýjun vottunar. [Umsóknir](#) eru metnar tvisvar sinnum á ári og skilafrestur umsókna er 15. maí og 15. nóvember.
- 4.3. SFF hefur umsjón með því að vottaður fjármálaráðgjafi uppfylli kröfur um endurmenntun við umsókn um endurnýjun vottunar. SFF áskilur sér rétt til að kalla eftir staðfestingu á endurmenntun.
- 4.4. Stýrihópur Vottunar fjármálaráðgjafa er SFF til ráðgjafar við mat á umsóknum um endurnýjun vottunar m.t.t. endurmenntunarkröfu sem tiltekin er í grein 2.3.

#### 5. Önnur ákvæði

- 5.1. Hafi vottaður fjármálaráðgjafi ekki lokið endurmenntun í samræmi við reglur þessar telst hann ekki geta fullnægt skilyrðum um vottun og fær því ekki endurnýjun hennar.
- 5.2. SFF getur við sérstakar aðstæður veitt vottuðum fjármálaráðgjafa sem ekki hefur lokið tilskildum fjölda klukkustunda í endurmenntun í lok þriggja ára tímabilsins frest til að ljúka þeirri endurmenntun sem upp á vantar. Slík heimild skal þó ekki veitt vanti meira en 10 klst. af þeim 30 sem krafist er skv. grein 2.3.
- 5.3. Ef vottun er ekki endurnýjuð innan 3ja ára þá fellur hún úr gildi þangað til endurmenntunarkröfur og skilyrði um starf hjá aðildarfyrirtæki vottunar fjármálaráðgjafa hafa verið uppfyllt. Umsækjandi skal þá hafa uppfyllt endurmenntunarkröfur fyrir hvert það ár sem liðið er – 10 klst. á ári.
- 5.4. Sé vottun ekki endurnýjuð innan 10 ára frá því að hún fellur úr gildi þarf umsækjandi að endurtaka vottunarpróf.

\*Fyrstu tveir árgangarnir sem fara í gegnum vottun (vottun lýkur 2012 og 2013) þurfa að endurnýja vottun haustið 2016.